

Í draumi manns

BÆKUR

Skáldsaga

LÍFLÆKNIRINN

eftir sænska rithöfundinn Per Olov Enquist sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1969. 314 bls. Ekki kemur fram hvenær bókin kom fyrst út né hvað hún heitir á frummálinu. Bergdís Sigurðardóttir hannaði smekklega og táknræna bókarkápu sem sýnir brot úr gömlu málverki. Halla Kjartansdóttir þýddi. Mál og menning, 2002.

„Struensee, sem upphaflega var þýzkur læknir, hefur ráðið lögum og lofum í Danmörku undanfarin misseri. Hann var fyrir fáum árum gerður að líflækni Kristjáns konungs, sem er sinnisveikur, og tókst honum skjótt að vinna ótakmarkað traust hans og ást drottningarinnar. Í skjóli þessarar aðstöðu sölsaði hann undir sig æ meiri völd, unz hann öðlaðist í fyrra vald til þess að undirrita tilskipanir með sama myndugleika og konungur sjálfur“ segir í Öldinni átjándu, minnisverð tíðindi 1761-1800 (1982:70). Í nýrri sögulegri skáldsögu, Líflækninum eftir Per Olov Enquist, er komið á óvenjulegan hátt að þeim atburðum sem hrundu hallarbyltingu í Danmörku af stað á átjándu öld og enduðu með blóðugri aftöku Struensees.

Átjándu öldin var tímabil mikilla umbrota í Evrópu. Þá kom fram hin frjálslynda skynsemi- og fræðslustefna, upplýsingin, sem boðaði frelsi og sjálfstæði einstaklingsins undan trúarofstæki, gömlum kreddum, hjátrú og hindurvitnum, ritskoðun og öðrum höftum sem héldu almúganum í klóm fáfræði og fátæktar. Afturhaldsöflin í samfélaginu, aðallinn og óðalsbændurnir, reyndu að sporna við útbreiðslu upplýsingarinnar en hugmyndir hennar urðu brátt grundvöllur mannréttindabaráttu og nýrra, upplýstra stjórnarháttar. Í Líflækninum er Jóhann Struensee fulltrúi upplýsingar, skynsemi og mannúðar. Hann kemur græskulaus til starfa sem líflæknir Kristjáns sjöunda, hins unga konungs Danmerkur og Íslands, sem sinnir lítt stjórnun ríkisins sökum geðveiki sinnar og er viljalaust verkfæri valdagráðugrar og spilltrar hirðarinnar. Struensee vinnur sig brátt í álit og tekur að sér æ mikilvægari og ábyrgðarfullri verkefni í þeirri góðu trú að hann sé að vinna þjóðinni gagn. En hann þekkir ekki leikreglurnar; undirferlið, baktjaldamakkið og múturnar. Hann eigar milli vissunnar og vafans, óttans og skyldunnar. „Nei, „vitjun“ var rétta orðið, betra en köllun eða verkefni. Já, það var þannig sem hann hugsaði sér þetta. Og hugsunin varð smám saman skýrari. Vitjun, verk sem þurfti að vinna, söguleg glufa sem opnaðist; og hann átti að smeygja sér inn, leysa verk sitt af hendi og láta sig síðan hverfa. Með Kristján sér til aðstoðar. [...] Við í sameiningu, hafði Struensee stundum hugsað. Stórkostlegt par. Hann með sinn svarta kyndil sem útrýmir allri birtu og ég með mín haukfránu augu sem fela svo vel skelfinguna sem býr undir niðri. Og þessir tveir eiga að setja lyftistöng undir jörðina“ (156). Draumur Struensees um að veita nýju blóði um sjúkt samfélag og stofna ríki skynseminnar með Kristján sem upplýstan einvald, mætir engum skilningi, aðeins tortryggni og öfund. Og í þeim draumi reynist fall hans falið (139).

Þráðum sögunnar er þétt haldið í styrkri hendi sögumanns sem þekkir bæði fortíð og framtíð og hefur djúpa samúð með persónum sínum. Í frásögninni er skeytt saman samtímaheimildum og skáldskap og sögulegar eyður fylltar með trúverðugum samfélags- og mannlýsingum. Guldberg, hinn bældi meinlætamaður og drottningin, Karólína Matthildur, sem vonsvikin og örvilnuð verður ástfangin af Struensee, eru sannfærandi í breyskleika sínum. Viti firrtur konungurinn og „hinn þögli“, glæsilegi og skynsami Struensee eru eftirminnilegar andstæður; nánir vinir og hvor annars haldreipi í tilverunni en vinátta þeirra er dauðadæmd. Stíllinn er ljóðrænn og einkennist af einföldum táknum, vísunum, ríkulegu myndmáli ljóss og myrkurs líkt og frumkvöðlar upplýsingarinnar notuðu í skrifum sínum forðum, og endurtekningum, bæði í stíl og efni. Líflæknirinn er þaulhugsuð og spennandi skáldsaga sem endurskapar raunverulegar manneskjur og baksvið þeirra – dómur mannkynssögunnar yfir þeim er harður, ef marka má ummælin í Öldinni átjándu, en í skáldskapnum ræður ástin, mildin og skilningurinn.

Steinunn Inga Óttarsdóttir